

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987 (meðferð bótakrafna vegna tjóna erlendis).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og Umferðarstofu.

Meginmarkmið frumvarpsins er að auðvelda tjónþola að fá bætur vegna umferðarslyss í EES-ríkjum og Sviss. Lagt er til að dómsmálaráðherra viðurkenni svonefndan tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöð í þessu skyni. Ekki er þó gert ráð fyrir að komið verði á fót opinberri stofnun heldur að samtökin Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. annist þetta hlutverk.

Tilfni frumvarpsins er innleiðing tilskipunar 2000/26/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og um breytingar á tilskipunum 73/239/EBE og 88/237/EBE (svokallaðrar fjórðu tilskipunar um ökutækjetryggingar). Lagt er til að sömu ákvæði um ábyrgðartryggingu ökutækja og gilda nú gagnvart EES-ríkjunum gildi einnig gagnvart EFTA-ríkjunum sem ekki eru aðilar að EES, þ.e. Sviss, í samræmi við ákvæði hins nýja stofnsamnings EFTA (Vaduz-samningsins). Þá er lagt til með frumvarpinu að lagastöð nokkurra reglna varðandi vátryggingarskylduna verði styrkt, svo sem að því er varðar hvaða vátryggingafélög annast lögmæltar ökutækjetryggingar, og kveðið á um skylduaðild vátryggingafélaga sem taka að sér ábyrgðartryggingu skráningarskyldra vélknúinna ökutækja að samtökunum Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. Loks er lagt til að felld verði niður sérstök viðurkenning eða skráning dómsmálaráðherra á vátryggingafélögum sem annast lögmæltar ökutækjetryggingar. Áskilnaður um viðurkenningu dómsmálaráðuneytisins á vátryggingafélagi sem annast ábyrgðartryggingu skráningarskyldra ökutækja er frá þeim tíma þegar vátryggingafélög þurftu ekki sérstakt leyfi til að annast vátryggingastarfsemi. Með núgildandi skipan á starfsleyfi til vátryggingastarfsemi verður ekki talin þörf á að áskilja sérstaka viðurkenningu dómsmálaráðherra vegna þeirrar tegundar vátrygginga sem hér um ræðir.

Fram hefur komið ábending um að í stað hugtaksins „tjónsuppgjörsaðili“ í frumvarpinu færi betur að nota hugtakið „tjónsuppgjörsmiðstöð“ þar sem fyrra hugtakið þykir of líkt hugtakinu „tjónsuppgjörfulltrúi“ sem jafnframt er notað í frumvarpinu. Nefndin leggur til breytingu hvað þetta varðar.

**Prentað upp.**

Komið hefur fram að tilnefning tjónsuppgjörfulltrúa og stofnun tjónsuppgjörsmiðstöðvar í öllum EES- og EFTA-ríkjunum muni auðvelda tjónþola að reka bótakröfu sína eftir umferðarslys í öðru aðildarríki. Það er mat nefndarinnar að þetta sé til mikilla bóta jafnframt því sem tjónþoli þurfi þá ekki lengur að reka kröfu sína gagnvart erlendu váttryggingafélagi, sem getur skapað misskilning vegna tungumálaerfiðleika, heldur getur hann rekið málið gagnvart tjónsuppgjörfulltrúa váttryggingafélagsins í heimalandi sínu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

#### BREYTINGUM:

1. Í stað orðsins „tjónsuppgjörsaðila“ í 2. efnismgr. 1. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi í viðeigandi falli: tjónsuppgjörsmiðstöð.
2. Við 3. mgr. a-liðar 5. gr. (94. gr. a) bætist: nr. 60/1994.

Jónína Bjartmarz og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kolbrún Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi er samþykkt afgreiðslu þess.

Alþingi, 7. mars 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir,  
form., frsm.

Guðrún Ögmundsdóttir.

Katrín Fjeldsted.

Ásta Möller.

Guðjón A. Kristjánsson.

Kjartan Ólafsson.

Ólafur Örn Haraldsson.